

Skýrsla stjórnar Fjár og hjarðhundadeildar 2015

Stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar

Ingibjörg Ólafsdóttir, formaður og ritari
Svanborg A Magnúsdóttir, gjaldkeri
Stella Sif Gísladóttir, meðstjórnandi
Hilmar Sigurgíslason, meðstjórnandi
Ástríður Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Tengiliðir

Australian Shepherd - Systa Atla
Border Collie - Guðrún Sigríður Sigurðardóttir
Briard - Valdís Rúnarsdóttir
Collie rough & Collie smooth - Guðríður Magnúsdóttir
Pembroke Welsh Corgi - Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir
Shetland Sheepdog - Lilja Dóra Halldórsdóttir
Old English Sheepdog - Hrefna Björk Jónsdóttir,

Stjórnarkjör

Kjörtímabili þriggja stjórnarmanna lýkur á þessum ársfundi, þeirra Ástríðar, Svanborgar og Ingibjargar. Svanborg og Ingibjörg hafa ákveðið að bjóða sig fram til endurkjörs.

Afrek ársins

Fjár- og hjarðhundadeild er stolt af því að eiga annan stigahæsta hundinn í HRFÍ en það er Corgi hundirinn Ryslip Celtic Tiger at Craigycor. Við óskum Dóttlu og Tiger til hamingju með glæsilegan árangur.

Starfsemi

- Stjórnin hélt þrjá formlega stjórnarfundir á árinu og var ákveðið á árinu að bjóða tengiliðum að mæta á fundi stjórnar. Stjórnin notar lokað fésbókarsvæði til þess að ræða einfaldari mál. Einnig er notað lokað fésbókarsvæði fyrir tengiliði og stjórn sem hefur nýst ágætlega til samskipta.
- Lautarferð var skipulögð uppstigningardag og var farið í skemmtilega heimsókn í Miðdal til Svönu gjaldkera. Þar fengum við frábærar móttökur og áttum góðan dag.
- Á sýningu HRFÍ í september útvegaði deildin sjálfboðaliða.
- Heilbrigðisnefnd var skipuð árið 2014 og lauk nefndin hluta af verkefni sínu og hefur verið lögð niður þar sem fullreynt þótti að nefndin myndi ekki klára verkefnið. Stjórnin þakkar Guðrúnu Sigurðardóttur sérstaklega fyrir sitt framlag.
- Lagðar voru niður 3 stöður tengiliða fyrir Bearded Collie (Fanney Dagmar Baldursdóttir) Malinois - (Ingibjörg) Ylfa Ólafsdóttir og Puli og Polski Owczarek Nizinny (Bjarni Helgason) og var þeim tilkynnt um þessa ákvörðun skriflega og jafnframt óskað eftir því að þau skiluðu tengiliðgögnum til stjórnar. Stjórnin telur ekki þörf á tengiliðum fyrir tegundur ef engin ræktun er í gangi.
- Elín Lára Sigurðardóttir óskaði eftir að hætta sem tengiliður fyrir Briard og tók Valdís Rúnarsdóttir við starfinu á árinu.
- Haldin var aðventu- og uppskeruhátíð í byrjun desember þá voru stigahæstu hundar tegunda heiðraðir svo og besti öldungur deildar og stigahæstu ræktendur ársins. Einnig var haldið valhappadrætti sem vakti mikla lukku að vanda enda glæsilegir vinningar í boði. Fjáröflun gekk vonum frammar.
- Deildarsýning var haldin 20. júní 2015 að Sunnuhvoli. Skráðir voru 90 hundar auk 13 skráninga heiðursöldunga og ungra sýnenda. Sýningin gekk ljómandi vel þó undirbúningur hafi lent á fáum höndum. Lexía framkvæmdaráðs sýningarinnar var að virkja fleiri félagsmenn þegar við höldum næstu sýningu, sérstaklega ef hún verður úti á landi.
- Fulltrúar stjórnar mættu á tvo fulltrúaráðsfundi á árinu og á kynningarfund fyrir ræktunardeildir.
- Stjórnin hefur samþykkt að gera nokkrar breytingar á reglum um fjárhundaæðlispróf og voru þær kynntar á ársfundinum

Lykiltölur

Á árinu 2015 voru sjö sýningar haldnar á vegum HRFÍ fyrir utan hvolpasýningar. Á þessum sýningum voru 387 hundar sýndir frá Fjár- og hjarðhundadeild, sem er að meðaltali 55 hundar á hverri HRFÍ sýningu. Auk þess voru 90 hundar sýndir á deildarsýningunni. Til samanburðar voru 343 hundar sýndir árið 2014 á 5 sýningum eða 69 að meðaltali á sýningu.

Átta hundategundir voru sýndar á árinu; Australian Shepherd, Border Collie, Briard, Collie Rough, Collie Smooth, Old English Sheepdog, Shetland Sheepdog og Welsh Corgi Pembroke. 332 hundar og 159 eigendur þeirra eru skráðir sem virkir félagar í deildinni skv. félagatali (birt með fyrirvara)

Tegund	Fjöldi gota	Fjöldi hvolpa	Íslenskir meistarar	Alþjóðlegir meistarar	Inn-fluttir hundar	Fjöldi sýndra hunda á HRFÍ sýningum	Fjöldi sýndra hunda á deildar-sýningu
Australian Shepherd	2	14	1	0	2	152	40
Briard	1	3	2	1	1	54	8
Border Collie	4	17	2	1	3	88	28
Collie síðh. og stutth.	0	0	2	(1)		13	1
Old English Sheepdog						10	2
Sheetland Sheepdog	2	8	1		3	48	9
Welsh Corgie Pembroke	1	5	1			22	2
Samtals	9	47	9	3	9	387	90

Stjórnin vill þakka gott samstarf á árinu og hvetur félagsmenn til að vera virkari í því að mæta á viðburði og taka þátt í verkefnum sem deildinni eru falin. Starf deildarinnar stendur og fellur með þátttöku ykkar.

21. mars 2016

f.h. stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar HRFÍ
Ingibjörg Ólafsdóttir formaður

